



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 29. október 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið), 20. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að aldursviðmið sjálfstæðs réttar einstaklinga til að breyta skráningu kyns síns í þjóðskrá samkvæmt ákvæðum laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, verði lækkað úr 18 árum í 15 ár. Í frumvarpinu kemur fram að umrædd breyting sé í samræmi við markmið laga um kynrænt sjálfræði hvað varðar rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miðar frumvarpið þannig að því að tryggja að kynvitund sé viðurkennd. Fram kemur sömuleiðis í frumvarpinu að umrædd breyting á skráningu sé einföld í framkvæmd en geti verið einkar mikilvæg fyrir heill þess sem í hlut á.

Umboðsmaður barna tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu og fagnar þessari breytingartillögu. Er frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði var lagt fram á Alþingi var gert ráð fyrir því að börn 15 ára og eldri ættu sjálfstæðan rétt á að fara fram á breytingu á skráningu kyns í þjóðskrá. Þetta ákvæði frumvarpsins tók hins vegar breytingum í þinglegri meðferð og við gildistöku laganna var aldursviðmiðið orðið 18 ár. Þess í stað kom inn í lögín ákvæði til bráðabirgða sem kvað á um skipan starfshóps sem falið var það verkefni að endurskoða þessi aldursviðmið til lækkunar. Í vinnu starfshópsins var haft samráð við hinsegin börn og ungmenni, hagsmunasamtök hinsegin fólks sem og aðila sem vinna að hagsmunum og réttindum barna eins og umboðsmann barna, en það er til eftirbreytni, og því ljóst að tillaga um lækkun aldursviðmiða hefur fengið ítarlega skoðun og góða umræðu. Niðurstaða starfshópsins var sú að lækka beri umrædd aldursviðmið eins og umboðsmaður barna hefur lagt til.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat umboðsmanns barna að umrætt frumvarp og þær breytingar sem þar eru lagðar til miði að því að uppfylla þær skyldur sem Barnasáttmálinn, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, leggur á aðildarríki, ekki síst þá skyldu að tryggja með raunverulegum og virkum hætti að börn njóti stigvaxandi sjálfsákvörðunarréttar um persónuleg málefni.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna